

VATNSDALSA 1987

Tumi Tómasson

[Hólum, febrúar 1988

VMST/N-88005]



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

VATNSDALSA 1987

INNGANGUR

Frá árinu 1984 hefur árlega verið fylgst með seiðastofnum Vatnsdalsár á kerfisbundinn hátt með rafveiðum. Jafnframt hefur verið reynt að meta árangur seiðasleppinga með merkingum, greiningu hreistursýna og rafveiðum. Þessar athuganir mynda grundvöllinn að ákvörðunartöku um ræktunarstarf á vatnasvæðinu (sjá Finnur Garðarsson og Tumi Tómasson 1985, Tumi Tómasson 1987).

Rafveiðarnar 1987 voru svipaðar að umfangi og undanfarandi ár og voru framkvæmdar 4-9/6, sem er heldur fyrr en áður. Þá var gerð sérstök athugun á veiðisstaðagerð á svæði 3. Til aðstoðar við athuganirnar voru Pétur Brynjólfsson og Einar Svavarsson. Í Hólkotskvísl var starfrækt seiðagildra allt sumarið til að meta af meira öryggi árangur smáseiðasleppinga í kvíslina. Hjálmar Ólafsson í Kárdalstungu annaðist daglegan rekstur gildrunnar. Í Giljá starfrækti Erlendur Eysteinnsson gildru undir þjóðvegi no. 1 og veiddi laxa á leið upp ána. Með áframhaldandi rekstri þessarar gildru ættu að fást betri upplýsingar um árangur ræktunarstarfsins í Giljá.

ÁSTAND SEIÐASTOFNA

Alls var rafveitt á 29 stöðum, og eru þeir merktir inn á kort (Mynd 1). Leitast er við að veiða á sömu eða svipuðum stöðum ár eftir ár, til að samanburður milli ára verði sem raunhæfastur. Aðstæður til veiða voru samlíkar að þessu sinni.

Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða er gefin upp í Mynd 2, og útreiknaður fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 fermetra í Töflu 1. Almennt má segja að ástand náttúrulegra seiðastofna sé gott. Fremur stór árgangur sem klaktist út vorið 1985 hefur dafnað vel. Þar kemur tvennt til. Næsti árgangur á eftir, frá vorinu 1986, virðist mun minni og veitir því ekki of mikla samkeppni um fæðuna. Hinsvegar hafa tíðarfar og aðrir umhverfispáttir verið hagstæðir.

Athuganir á vexti og þéttleika sleppiseiða sýna að sleppiseiði frá vorinu 1986 hafa almennt ekki náð sömu stærð eftir eitt ár í ánum eins og sleppingar áranna á undan. Ekki er alveg ljóst hvað veldur. Seiðin sem sleppt var vorið 1986 voru mun smærri en áður, en jafnframt má vera að þéttleiki sleppiseiða hafi orðið of mikill, og víst er að sú skýring er mikilvæg í einstaka tilfellum. Sleppiseiðin dveljast oftast 2-3 ár í ánum og reikna má með að stærri hluti seiða frá 1986 verði 3 ár en oftast áður. Þetta mun þó koma betur í ljós í rafveiðunum vorið 1988.

Vatnsdalsá

Seiðin sem klöktust út vorið 1986 (1+) voru smærri en jafngömul seiði árin á undan. Þau virðast jafnframt vera færri, og því er líklegt að það sé einkum óhægstæðara tíðafar í ánni sumarið 1986 en árin á undan sem orsakar þetta. Vatnshiti hefur mun meiri áhrif á afkomu seiðanna, því smærri sem þau eru. Ekki er að merkja neikvæð áhrif á vöxt eldri seiða af þessum sökum. Allt bendir til að gönguseiða-framleiðsla verði góð vorið 1988, verði önnur skilyrði einnig hægstæð.

Laxinn virðist hafa numið svæðið á milli fossana og þar voru tveir árgangar náttúrulegra seiða. Á ólaxgenga svæðinu voru sleppiseiðin fremur smá og rýr. Þarna hefur sleppingin líklegast orðið meiri en æskilegt er.

Álka

Leiðni vatnsins í Alku er lítil, einkum þegar hún er mikil af snjóbráð eins og var dagana sem hún var athuguð. Fyrri athuganir hafa sýnt að klak virtist ekki hafa komist á legg í ánni vorin 1983 og 1984, en 1985 árgangurinn er alsráðandi. Ekki fundust nein seiði úr klaki 1986. Hvað veldur þessum mikla breytileika í nýliðun er ekki ljóst. Komi í ljós í vor að vanti einnig klak ársins 1987 er ástæða til að sleppa í hana seiðum á laxgeng svæði, einkum þar sem ekki eru líkur að að 1986 árgangurinn sé það sterkur í Vatnsdalsá að seiði munu ganga í nægilegu magni upp Álku til að nýta uppeldisskilyrði þar til fulls.

Hólkotskvísl

Kvíslin er öll ólaxgeng og þar er reglulega sleppt seiðum, enda uppeldisskilyrði mjög góð. Eins og áður sagði voru 1+ seiðin minni en árið áður en fjöldi þeirra virtist svipaður. Hinsvegar bar meira á 2+ seiðum í veiðinni nú. Þá eru einnig 3+ seiði innanum, en það er lítil hluti sleppingarinnar sem dvelur svo lengi í ánni.

Seiðagildra var starfrækt við inntaksstífluna fyrir rafstöðina frá 23/5-9/9. Seiðin voru að ganga frá lokum maí og til loka ágúst, en í gusum. Alls veiddust í gildruna 847 seiði. Þannig var ákveðin ganga 27-28/5, 13-24/6 og 6-7/7 (Mynd 3). Seiðin voru öll merkt. Seiðin sem veiddust 14-20/6, alls 278 seiði, voru örmerkt og veiðiuggaklippt, en af hinum var klipptur hægri kviðaruggi til auðkenningar.

Þetta var fyrsta heila sumarið sem gildran var starfrækt og komu í ljós nokkrir hnökrar sem voru leiðréttir, en kostaði það, að ótiltekinn fjöldi seiða mun hafa sloppið, einkum þegar gangan stóð sem hæst 18/6 (stukku upp úr söfnunarkassa) og 6-7/7 (vatnavextir, fallristin tók ekki við öllu vatninu). Engu að síður er þetta mikilvægur liður í að meta árangur

smáseiðasleppinga og næsta sumar ættu enn betri upplýsingar að fást úr rekstri þessarar gildru.

Vaglakvísl

Efst í Vaglakvísl var vorið 1986 sleppt seiðum sem rafveidd voru fyrir neðan Flóðið. Vöxtur þessara seiða var mjög góður og afföll hverfandi lítil. Þannig var ástand og vöxtur seiða í Vaglakvísl betri en fyrir neðan Flóðið (Vatnsdalsá, staður 9), sem þó var gott. Þessi tilraun sýnir að villt seiði sem flutt eru á nýja staði innan árkerfisins taka upp búsetu á nýja staðnum og aðlagast vel. Það er því ástæða til að grípa til svona flutninga þegar seiðapöttleiki á laxgengum svæðum gefur tilefni til.

Á stöð 2 var sleppingin 1986 of mikil og það kemur fram í mjög lélegum vexti. Seiðin voru ekki einungis smá, heldur einnig mjög rýr. Þéttar sleppingar sem þessi skila mun minni árangri en að er stefnt, og eru í senn sóun á plássi og seiðum.

Tungnaá

Laxinn gengur upp í neðri hluta Tungnaár til hrygningar. Í ánni er sterkur árgangur frá 1985 (2+ seiði) og á stöð 2 hafa þessi seiði blandast sleppiseiðum frá 1986 (1+), en lengdardreifingin skilur þau ekki að. Árgangurinn frá 1986 virðist lítill þarna sem víðast annars staðar. Samkvæmt reynslu okkar úr öðrum ám má búast við aukinni hrygningu í Tungnaá á næstu árum vegna seiðarsleppinga í Hólkotskvísl og Vaglakvísl. Þá verður að hindra það að hrygning verði of mikil, en slíkt er fljótt að gerast í litlum ám sem þessari.

Kornsa

Í rafveiðunum 1986 kom fram mjög sterkur 2+ árgangur í Kornsa. Næsti árgangur á eftir varð einnig sterkur, með þeim afleiðingum að vöxtur seiða er nú mjög hægur og afföll stærri seiða mjög mikill. Þannig sjást nú lítil merki um seiðin sem voru 2+ 1986. Í þeirra stað eru komin jafngömul, en smærri seiði 1987. Þetta er slæmt, þarna fer framleiðslugeta árinna í að ala upp mikið af seiðum sem aldrei verða að fullorðnum löxum.

Giljá

Á laxgenga hluta Giljár fundust ekki 1+ seiði en 2+ seiðin voru tiltölulega mörg. Á Ólaxgengum svæðum virtust sleppingar hafa tekist þokkalega, og þar dvelja seiðin almennt í 2-3 ár. Raunhæft mat á árangri þessara sleppinga ætti að fást með áframhaldandi starfrækslu gildrunnar undir þjóðveginum.

ÁRANGUR SEIÐASLEPPINGA

Smáseiðasleppingar

Sleppingar smáseiða eru meðal mikilvægustu laxræktaraðgerða á vatnasvæði Vatnsdalsár. Árlega er sleppt um 30.000 seiðum, og hafa sleppingarnar s.l. þrjú ár verið í höndum Veiðimálstofnunar með aðstoð heimamanna. Dagana 6-7 júní 1987 var sleppt alls 33.000 seiðum, 15.000 seiðum, meðalþyngd 0.9 g, var sleppt í Hólkotskvísl, og niður í Tungnaá niður á mótis við Guðrúnarstaði. Þar af var 10.000 seiðum sleppt fyrir framan virkjunarlónið. Í Vatnsdalsá var sleppt 3000 seiðum, 3000 í Kornsa, 6000 í Álku á milli fossa og 6000 í Giljá. Þessi seiði voru 0.65 g að meðalþyngd.

Árangur smáseiðasleppinga

Smáseiðin dvelja almennt 2-3 ár í ánum áður en þau halda til sjávar. Hversu vel þau vaxa fer eftir þéttleika, botngerð og tíðafari. Þessi seiði eru mun stærri við fyrsta vetur í ánum, og þetta endurspeglast í mynstri hreisturs þeirra. Með því að lesa hreistur af fullorðnum löxum má því áætla hve margir laxar hafa skilað sér. Þetta er ekki mjög nákvæm aðferð, en hún gefur þó að ég tel góða vitneskju um árangurinn.

Niðurstöður hreisturslesninga eru á blöðum sem fylgja skýrslunni og eru teknar saman í Töflu 2. Þar kemur fram að um þriðji hver smálax, og fjórði hver stórlax sem veiddust á stöng sumarið 1987 er að líkindum upprunnir úr smáseiðasleppingum. Hluti sleppingarinnar frá 1983 hefur farið eftir þrjú ár og því hefur lax úr þeirri sleppingu skilað sér sem smálax 1986 og 1987, og sem stórlax 1987

Þessi ár var veiðin í Vatnsdalsá:

	smálax	stórlax	boltar	alls
1986	1000	551	31	1582
1987	491	936	69	1496

Á þessum árum skilaði sér smáseiðaslepping frá 1983 og fyrstu heimtur frá 1984 komu 1987. Árangur sleppinganna má átla sem hér segir:

	smálax 1986	stórlax 1987	smálax 1987	alls
slepping 1983	280	225	44	594
slepping 1984	---	---	112	

Miðað við 30.000 seiða sleppingu 1983 (nákvæmar upplýsingar leggja ekki fyrir) eru áætlaðar heildarheimtur 1.83%, sem telst mjög gott. Hingað til hafa einungis 0.37% skilað sér af sleppingum 1984, og er það mjög svipað því sem almennt gerist. Til að fá betri upplýsingar um endurheimtur er nauðsynlegt að koma á meiri reglu við töku hreistursýna og vanda sýnatökuna meira en gert hefur verið til þessa.

Alls bárust 10 hreistur af löxum úr Giljá (sjá viðauka) þar af reyndust a.m.k. 6 vera úr sleppingu, einn eftir tvö ár og fimm eftir þrjú ár í ferskvatni. Sem áður sagði ætti með áframhaldandi rekstri gildrunnar að fást betri upplýsingar um árangur seiðasleppinga í Giljá.

Seiðagildran í Hólkotskvísl gefur mikilvægar upplýsingar um framleiðslu árinna, og með merkingum má einnig sjá hvar þær koma veiðinni til góða. Því er mikilvægt að vel verði fylgst með afla veiðimanna á næstu árum.

Gönguseiðasleppingar

Gönguseiðasleppingar hófust í Vatnsdalsá 1983. Árangur sleppinganna var nánast enginn framan af, en hefur heldur skánað hin síðari ár. Í Töflu eru gefnar upp endurheimtur á grundvelli skilaðra merkja. Það eru enn litlar heimtur, en þetta eru að vísu algjörar lágmarkstölur, því ekki hefur alltaf verið jafnvel fylgst með afla veiðimanna.

Fyrstu árin var sleppt niður undir Húnavatni, en 1985 og 1986 var sleppt skamt fyrir neðan Flóðið. Flestir laxanna sem veiðast úr þessum sleppingum hafa fengist fyrir neðan sleppistaðinn, og er það í samræmi við það sem búast mátti við. Lax leitar lítið fram fyrir þann stað sem honum var sleppt á sem gönguseiði. Á umræddu svæði er langmesta veiðin í Vatnsdalsá. Það væri til bóta ef aukning í veiði vegna sleppinga kæmi frekar fram á svæðum þar sem laxveiði er lítil.

Ef veiðifélagið hyggst sleppa gönguseiðum í ána í vor legg ég til að sleppingunni verði skipt í tvo hópa. Öðrum hópnum verði sleppt á sama stað og gert var 1985 og 1986, en reynt verði að finna góðan sleppistað á svæði 3 fyrir hinn hópinn. Hóparnir verði sérstaklega merktir. Vorið 1987 var ekki sleppt gönguseiðum á Vatnsdalsá þar sem gönguseiði af stofni árinna komu ekki til. Hinsvegar er von á örmerktum stórlöxum úr sleppingu 1986 og nokkrum smálöxum vegna örmerkinga í Hólkotskvísl. Því er mikilvægt að áfram verði vel fylgst með heimtum í sumar.

STJÓRNUN VEIÐIÁLAGS

Veiði í Vatnsdalsá hefur almennt aukist síðasta áratuginn, og má rekja þessa aukningu til smáseiðasleppinga. Með aukinni laxgengd er nauðsynlegt að standa þannig að veiði að veiðiálagið aukist hlutfallslega enn meir en göngurnar til að uppeldissvæðum árinna verði ekki ofboðið. Að öðru óbreyttu hinsvegar, minnkar það hlutfall göngunnar sem veiðist þegar gangan er stærri.

Veiðiálag má auka á ýmsan hátt. T.d. mátti auka stangar-fjölda, lengja veiðitíma, stunda ádrátt að loknum stangveiðitíma og með því að búa til nýja veiðistaði. Að beiðni

veiðifélagsins athuguðum við Pétur Brynjólfsson sérstaklega möguleika til veiðistaðagerðar á svæði 3.

Veiðistaðagerð byggir á því að virkja straum árinna til að grafa hyl þar sem lax gæti þá legið. Möguleikar til slíks eru allt frá Undirfelli og niður undir Gilsstaðaveg. Þar fyrir neðan er áin of hallalítill til að hægt sé að fást við veiðistaðagerð. Við teljum best að reyna að setja nokkuð breiðan grjóttgarð, og helst yfir ána, en að hann sé lægstur þar sem mesta rennslið á að vera, og að hann nái hvergi uppúr ánni nema e.t.v. við bakkann. Þá myndast strengur og hylur þar niður undan, og þar gætu laxar stoppað og þar með veiðst. Á þessum stöðum er sérstök ástæða til að verja bakkana.

Norðmenn hafa búið til "þröskulda" í árna hjá sér og þannig búið til veiðistaði. Þetta er mjög kostnaðarsöm aðgerð en hún hefur reynst vel. Nánari lýsing þessara þröskulda er á meðfylgjandi pappírnum.

Ég tel tæplega ástæðu til að auka stangarfjölda í Vatnsdalsá nema leigutaki álíti slíkt fýsilegt a.m.k. ekki fyrr en veiðistöðum hafi verið fjölgað. Þó er sjálfsagt að prófa stangveiði eða gildruveiði í Tungnaá, því þar má búast við aukinni laxgengd eins og getið var um hér að framan.

ÁLYKTANIR

Ástand seiðastofna í Vatnsdalsá er almennt gott, en óvíst er um hve stór hluti sleppingarinnar frá 1986 heldur til sjávar næsta vor. Það kemur í ljós við næstu rafveiðar. Lax af sleppiuppruna er stór hluti göngunnar, og fari eittkvæð úrskeiðis þar, getur það haft mikil áhrif.

Það leit vel út með gönguseiðaframleiðslu vorið 1987 og ekki ástæða til að ætla annað en göngur verði góðar á næsta ári, þótt líklega verði mun minni stórlax á ferðinni en s.l. ár enda stórlaxaveiði þá með albasta móti.

Ég tel brýnt að bæta sýnatöku úr afla veiðimanna og legg til að sérstakar ráðstafanir verði gerðar til að bæta þar úr. Fiskræktunaraðgerðir miðast við ástandið á hverjum tíma. Ég tel að aukna áherslu beri að leggja á veiðistaðagerð og aðrar ráðstafanir til að auka veiði á þeim svæðum sem munu gefa tiltölulega litla laxveiði. Það muni skila mestri tekjuaukningu. Þar kemur svæði 3 sterklega til greina.

Umbætur í Kornsa til að bæta möguleika ólaxgengra svæða til framleiðslu, stjórnun hrygningar á laxgengum svæðum, slepping gönguseiða og veiðistaðagerð á svæðinu eru allt möguleikar sem veiðifélagið þarf að taka afstöðu til.

HEIMILDIR

Finnur Garðarsson og Tumi Tómasson 1985. Laxarannsóknir í Vatnsdalsá 1984. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-R/85 018, 22 bls.

Tumi Tómasson 1987. Vatnsdalsá 1985 og 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/87 007, 21 bls.

Tafla 1 Fjöldi veiddra laxaseiða í Vatnsdalsá og hliðarám; eftir veiðistað og aldri, í rafveiðum í júní 1987.

Staður.	Stærð veiðisvæðis	Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m			
<u>Vatnsdalsá</u>	(m)	1+	2+	3+	4+/5+
1	35x10	2.9	1.4	-	-
2	45x5	3.6	11.1	-	-
3	70x5	3.7	8.6	6.3	0.3
4	47x7	2.4	5.5	5.2	4.3
5	60x10	1.3	2.3	0.3	-
6	60x5	1.0	5.7	0.7	-
7	25x7	7.4	10.3	0.6	-
8	60x45	-	4.1	1.5	-
9	25x10	3.6	31.6	8.8	4.0
<u>Álka</u>					
1	60x5	0.3	0.3	-	-
2	50x6	-	1.3	0.7	-
3	35x8	-	10.7	3.2	1.8
4	30x10	-	1.3	0.3	-
<u>Hólkotskvísl</u>					
1	60x55	10.9	9.4	-	-
2	55x55	11.3	4.6	-	-
3	60x6	5.0	2.3	-	-
4	70x5	2.3	0.6	-	-
5	55x5	9.1	4.4	-	-
<u>Vaglakvísl</u>					
1-1	100x6	-	7.7	2.0	-
1-2	-	-	1.8	0.5	-
2	35x9	9.8	4.1	-	-
3	50x5	1.6	6.4	-	-
<u>Tungnaá</u>					
1	55x5	3.6	1.1	-	-
2	60x8	6.0	-	1.5	0.6
3	45x8	0.6	9.2	-	-
<u>Kornsa</u>					
3	32x65	-	24.5	1.0	1.4
<u>Giljá</u>					
1	50x12	0.3	1.8	0.2	-
2	25x16	3.0	-	0.7	-
3	28x8	-	8.5	1.3	-
4	40x5	-	6.5	-	1.0

Tafla 2 Niðurstöður aldursgreininga hreistursýna af löxum úr Vatnsdalsá 1987.


Ferskvatns- aldur	smálax		stórlax		boltar	
	fj.	%	fj.	%	fj.	%
2	13	23	20	24	1	9
3	13	23	24	28	2	18
4	21	38	34	40	7	64
5	8	14	7	8	1	9
6	1	2	-	-	-	-
samtals	56	100	85	100	11	100

Að auki voru tvö sýni (stórlax og smálax) af löxum sem höfðu að líkindum verið sleppt sem gönguseiðum, og eitt af laxi sem var að koma öðru sinni til hrygningar. Sjö sýnanna reyndust ólæsileg. Af þeim löxum sem höfðu dvalið þrjú ár í ferskvatni virtust fimm (9%) smálaxanna og einn (1%) stórlaxanna vera upprunnir úr smáseiðasleppingu.

Tafla 3 Endurheimtur úr gönguseiðasleppingu í Vatnsdalsá 1985 og 1986.

ár	fjöldi merktra seiða	eftir		villtir	alls	%
		1 ár	2 ár			
1985	5017	27	21	3	51	1.02
1986	5008	14	-	-	14	0.28

Villingar úr sleppingu 1985 skiluðu sér í Miðfjarðará (1 smálax og 1 stórlax) og í Blöndu (smálax)







Mynd 1. Rafveiðistaðir í Vatnsdalsá og hliðarám hennar.

4. 6. og 7. 6. 1987


Lax

Vatnsdalsá

Földi



Földi



Lengd í cm


Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vatnsdalsá og hliðarám í júní 1987.

7. 6. 1987

Lax

Álka

Földi




5. 6. 1987

Lax

Hölkotskvísl

Földi




6.6.1987

Lax

Tungna

Foldi




Length i cm

6.6.1987

Lax

Vaglaskvísl

Foldi




Length i cm

Mynd 2. Frh.

7.6.1987

Korná


Lax




5.6.1987

Gilja

Lax



Mynd 2. Frh.



Mynd 3. Fjöldi gönguseiða sem veiddust í gildru við rafstöðvarmiðlun í Hólkotskvísl sumarið 1987.

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Veinsfall: VatnsdalsáFisktegund: lax

Sendandi:

Fjöldi sýna: 162Veidiár: 1987

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1		♀	86	6.500	3 ⁺	2 ⁺	Ánausasteng.
2	25.06	♀	66	6.000	5	2	
3	03.07	♀		6.500	2 ⁺	2 ⁺	Grasendi
4	03.07	♀	85	6.500	4 ⁺	2 ⁺	
5	04.07	♀	84	6.500	4 ⁺	2 ⁺	Ánausastr.
6	04.07		87	7.000	3	2	Grasendi
7	05.07	♂		8.000	3 ⁺	2 ⁺	Barnarsleimur
8	16.07	♂	67	3.000	3 ⁺	2 ⁺	Hamarskylur
9	25.07		56	2.000	5 ⁺	1 ⁺	
10	25.07		66	2.000	3 ⁺	1 ⁺	
11	25.07		88	7.500	2 ⁺	2 ⁺	
12	25.07		81	6.000	4 ⁺	2 ⁺	
13	25.07	♂	92	7.500	4 ⁺	2 ⁺	Búfól
14	25.07	♂	63	2.530	2 ⁺	2 ⁺	Trilárkrökur
15	25.07	♂	104	3.800	4	3	Ánausastr.
16	25.07	♂	79	5.000	4	2	Tosthvarmskylur
17	25.07	♀	83	6.700	4	2	Hamarskylur
18	26.07	♂	56	2.000	4 ⁺	1 ⁺	Blikufól
19	26.07	♀	88	7.700	2 ⁺	2 ⁺	Búfól
20	26.07			3.000	4	2	Grasendi
21	26.07	♀	74	4.650	2 ⁺	2 ⁺	Trilárkrökur
22	26.07	♂	64	2.600	4	1 ⁺	Trimskylur
23	26.07	♀	77	5.400	4 ⁺	2 ⁺	Trimskylur
24	26.07		81	6.500	4 ⁺	2 ⁺	Hamarskylur
25	26.07		34	8.000	4 ⁺	3	Hamarskylur
26	26.07	♂	58	2.100	4	1 ⁺	Hlíðastullur
27	26.07	♂	56	2.000	5 ⁺	1 ⁺	Núskylur
28	27.07	♀	90	3.000	2 ⁺ (2 ⁺)	2 ⁺ (3)	Ánausastr.
29	27.07	♀	89	8.000	4 ⁺	2 ⁺ (3)	Ánausastr.
30	27.07	♀	86	7.000	Ólax.		Ánausastr.
31	27.07	♀	86	8.000	90	2 ⁺	Ánausastr.
32	27.07		84	6.500	5	2 ⁺	Ánausastr.
33	27.07	♀	84	6.500	5 ⁺	2 ⁺	Ánausastr.

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: VatnsdalsáFisktegund: Sal

Sendandi:

Fjöldi sýna: 162Veidiár: 1987

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
34	27.07	♀	83	7.500	3 ⁺	2 ⁺	Ánausaströngu
35	27.07	♀	84	3.100	4 ⁺	2 ⁺	Ánausastr.
36	27.07	♀	82	6.500	3 ⁺	2 ⁺	Torfhvammshylur
37	28.07	♂			2 ⁺	1 ⁺	Flúðarshylur
38	30.07	♂		2.000	4 ⁺	1 ⁺	
39	30.07	♀		2.000	4 ⁺	1 ⁺	
40	30.07	♂		3.000	4	1 ⁺	
41	30.07	♀	79	5.500	3 ⁺	2 ⁺	Grellshylur
42	31.07	♀		5.500	2 ⁺	2 ⁺	Biból
43	01.08	♀	88	7.000	3 ⁺	2 ⁺	Barnastlimm
44	01.08	♂	94	9.000	önguð h		Barnastlimm
45	01.08	♀	90	8.000	2 ⁺	3 ⁺	Þilka
46	01.08	♂	65	2.500	4 ⁺	1 ⁺	Grimshylur
47	01.08	♀	84	6.500	3 ⁺	2 ⁺	Grimshylur
48	01.08	♀	80	5.500	3 ⁺	2 ⁺	Flúðarshylur
49	02.08	♀	83.5	6.000	2 ⁺	2 ⁺ n	Þstrikkshylur
50	02.08	♂	62	2.000	4 ⁺	1 ⁺	Þstrikkshylur
51	02.08	♀	84	6.500	3 ⁺	2 ⁺	Þstrikkshylur
52	02.08	♀	82	5.800	4 ⁺	2 ⁺	Barnastlimm
53	02.08		84	6.000	3 ⁺	2 ⁺	Ánausastr.
54	02.08	♀	74	4.500	3 ⁺	2 ⁺	Ánausastr.
55	02.08	♀	81	5.000	4 ⁺	2 ⁺	Ánausastr.
56	02.08	♀	82	5.500	önguð h		Ánausastr.
57	02.08	♀	85	5.500	2 ⁺	2 ⁺	Ánausastr.
58	02.08	♀	84	7.000	4 ⁺	2 ⁺	Krutba
59	03.08	♀	88	8.000	2	2 ⁺	Barnastlimm
60	03.08	♀	85	7.500	4 ⁺	2 ⁺	Barnastlimm
61	03.08	♀	74	4.500	4 ⁺	2 ⁺	Biból
62	04.08	♀	92	8.000	2 ⁺	2 ⁺	Barnastlimm
63	04.08	♀	80	5.500	3 ⁺	2 ⁺	Flúðarshylur
64	04.08	♀	78	5.500	4 ⁺	2 ⁺	Rofabakki
65	04.08	♂	93	9.000	2 ⁺	1 ⁺	Rofabakki
66	05.08	♂	61	2.000	2 ⁺	1 ⁺	Biból

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: ValnsdalsáFisktegund: lax

Sendandi:

Fjöldi sýna: 102Veidiár: 1987

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
67	05.08	♂	62	2.500	2 ⁺	1 ⁺	Blíkjufljót
68	05.08	♂	67	2.500	4 ⁺	1 ⁺	Blíkjufljót
69	05.08	♀	77	5.500	3	2 ⁺ "	Blíkjufljót
70	05.08	♀	89	7.500	4 ⁺	2 ⁺	Ánausast.
71	05.08	♀	84	6.500	4 ⁺	2 ⁺	Ánausast.
72	05.08	♂	69	3.000	2 ⁺	1 ⁺ "	Ánausast.
73	05.08	♂	58	2.000	4 ⁺	1 ⁺	Ánausast.
74	05.08	♂	70	3.500	3 ⁺	1 ⁺	Lakjastýður
75	05.08	♀	83	5.500	2 ⁺	2 ⁺	Rofabakki
76	06.08	♂	62	2.100	3 ⁺	1 ⁺	Flökkjastýður
77	08.08	♀	84	6.200	4 ⁺	2 ⁺	Ánausastrengur
78	08.08	♂	63	2.400	4 ⁺	1 ⁺	Ánausastrengur
79	09.08		94	10.500	3 ⁺	3 ⁺	Blíkjufljót
80	09.08		102	11.500	4 ⁺	3 ⁺	Ánausastrengur
81	09.08	♀	83.5	5.700	3 ⁺	2 ⁺	Ánausastrengur
82	10.08	♀	80	5.500	4 ⁺	2 ⁺	Búból
83	10.08		80	5.500	5	2 ⁺	Flamastýður
84	11.08	♂	92	9.500	4 ⁺	3 ⁺	Búból
85	11.08	♀	82	6.000	4 ⁺	2 ⁺	Garðsendi
86	11.08	♂	54	2.500	2 ⁺	1 ⁺	Ánausastrengur
87	11.08	♂	56	2.000	4 ⁺	1 ⁺	Ánausastrengur
88	11.08	♀	79	5.000	2 ⁺	2 ⁺	Ánausastrengur
89	11.08		84	6.000	4 ⁺	2 ⁺	Ánausastrengur
90	11.08	♀	64	2.500	2 ⁺	1 ⁺	Ánausastrengur
91	11.08		61	3.000	2 ⁺	1 ⁺	Ánausastrengur
92	11.08	♂	91	8.000	4 ⁺	2 ⁺	Þaðhwammur
93	11.08	♂	56	2.500	2 ⁺	1 ⁺	Þaðhwammur
94	11.08	♂	97	3.500	4	3	Torfhwammstýður
95	12.08	♂	60	3.500	3 ⁺	1 ⁺	N. - Búból
96	12.08	♂	85	8.000	2	2	N. - Búból
97	12.08	♂	59	3.000	5	1	Garðsendi
98	12.08	♂	56	2.000	3 ⁺	1 ⁺	Garðsendi
99	12.08	♂	100	11.500	öruggur		Garðsendi

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Vahnadalinn

Fisktegund: lat

Sendandi: _____

Fjöldi sýna: 162

Veidiár: 1987

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
100	12-8-87	♀	83	6.000	blönduð		Gordrenni
101	12-8-87	♀	82	5.200	2 ⁺	2 ⁺	Hnausast
102	12-8-87	♀	79,5	5.000	5	2	Hnausast
103	12-8-87		80	5.500	3 ⁺	2 ⁺	Hnausast
104	12-8-87	♂	61	3.500	3	1 ⁺⁺	Rofalabekki
105	12-8-87	♀	84	5.500	4 ⁺	2 ⁺	Rofalabekki
106	12-8-87		85	6.000	3 ⁺	2 ⁺	Íorluhvarmskykur
107	13-8-87	♀	81	5.300	3 ⁺	2 ⁺	Hnausasthengur
108	13-8-87	♂	6.6	3.500	3	1 ⁺	Hnausasthengur
109	13-8-87	♂	61	3.000	5 ⁺	1 ⁺	Hnausasthengur
110	13-8-87	♀		8.500	4 ⁺	3 ⁺	Hnausasthengur
111	13-8-87	♀		8.500	3 ⁺	2 ⁺	Hnausasthengur
112	13-8-87	♂	62	3.000	3 ⁺	1 ⁺	Hnausasthengur
113	13-8-87	♂	68	2.500	as	1 ⁺	Saurbojarhykur
114	13-8-87	♀	59	2.000	3	1 ⁺⁺	Hnausasthengur
115	14-8-87	♀	84	2.000	2 ⁺	2 ⁺	Hnausasthengur
116	14-8-87	♀	80	6.000	5 ⁺	2 ⁺	Hnausasthengur
117	14-8-87	♀	83	6.000	3	2 ⁺	Hnausasthengur
118	14-8-87	♂	94	9.000	2 ⁺	2 ⁺	Hnausasthengur
119	14-8-87	♀	87	7.500	3 ⁺	3 ⁺	Hnausasthengur
120	14-8-87	♂	89	7.000	3 ⁺	2 ⁺	Hnausasthengur
121	14-8-87	♂	68	3.000	4 ⁺	1 ⁺	Hnausasthengur
122	14-8-87	♀	86	6.500	3 ⁺	2 ⁺	Hnausasthengur
123	14-8-87	♀	84	7.500	4 ⁺	2 ⁺	Hnausast
124	14-8-87	♂	57	2.500	4 ⁺	1 ⁺	Hnausast
125	15-8-87	♀	82	5.500	4 ⁺	2 ⁺	Hannasthykur
126	15-8-87	♂	62	2.500	4 ⁺	1 ⁺	Hlidarhykur
127	15-8-87	♂	58	2.100	2 ⁺	1 ⁺	Stekjarhykur
128	16-8-87	♀	87	7.500	3 ⁺	2 ⁺	Búhöf
129	16-8-87	♂	70	3.500	5	1 ⁺	Grimshykur
130	16-8-87	♂	72	4.000	3	1 ⁺	Hnausast
131	16-8-87	♂	108	12.000	4 ⁺	3 ⁺	Hnausast
132	18-8-87	♀	60	2.500	3	1 ⁺⁺	

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Vahnsdalsá

Fisktegund: Lax

Sendandi: _____

Fjöldi sýna: 162

Veidiár: 1987

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
133	19-08	♀	82	6.000	4 ⁺	2 ⁺	
134	20-08	♀	79	5.000	2 ⁺	2 ⁺	
135	25-08	♂	102	11.500	5 ⁺	3 ⁺	
136	25-08	♂	64	3.000	4 ⁺	1 ⁺	
137	25-08		61	5.000	5 ⁺	1 ⁺	Væðhvarmmur
138	29-08	♂	68	3.000	2	1 ⁺	
139	29-08	♂		2.500	4 ⁺	1 ⁺	
140	29-08	♂	83	6.000	3 ⁺	2 ⁺	
141	26-08	♂	90	7.500	4 ⁺	2 ⁺	
142	26-08	♀	85	6.000	4 ⁺	2 ⁺	
143	26-08	♀	80	5.000	4 ⁺	2 ⁺	
144	26-08	♀	81	6.500	4 ⁺	2 ⁺	
145	26-08	♀	80	5.000	5 ⁺	2 ⁺	
146	30-08	♀	86	7.000	4 ⁺	2 ⁺	
147	29-08	♂	65	3.000	4 ⁺	1 ⁺	
148	29-08	♂	61	2.500	6 ⁺	1 ⁺	
149	29-08	♀	63	2.500	4	1	
150	29-08	♀	88	7.500	4	2 ⁺	
151	29-08	♂	68	3.000	5	1 ⁺	
152	30-08	♂	55	2.000	clarified		
153	08-09	♂	58	2.000	5	1 ⁺	
154	08-09	♂	63	3.000	4	1 ⁺	
155	08-09	♀	54	2.000	4 ⁺	1 ⁺	á Seinni hringjurt
156	09-09	♂	69	3.000	4	1 ⁺	
157	09-09	♂	59	4.000	2	1 ⁺	
158	09-09	♀	85	6.500	2 ⁺	2 ⁺	Stærðastrengur
159	14-09	♂	64	2.400	2 ⁺	1 ⁺	
160	14-09	♂	99	10.000	clarified		
161	14-09	♀	83	8.000	4 ⁺	2 ⁺	
162	14-09	♂	65	2.500	3	1 ⁺	

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall:

Fiskegund:

Sendandi:

Fjöldi sýna:

Veidið:

[illegible]